

Nd.

433. Nefndarálit

[138. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv., leitað álits þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, og fengið á sinn fund Óskar Hallgrímsson, formann iðnfræðsluráðs.

Nefndin er sammála um að styðja frv., svo langt sem það nær, og telur, að það muni leysa brýnan vanda hvað snertir byggingu iðnskóla án þess að rýra á nokkurn hátt stöðu þeirra eldri skóla, sem starfað hafa samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laganna.

Allmikið hefur verið um undanþágur hvað iðnréttindi snertir síðustu ár, og virðist af ýmsum ástæðum óhjákvæmilegt, að svo verði enn um sinn. Að gefnu til efni telur nefndin rétt að setja í lög heimild til slíkra undanþága, þó með ströngum skilyrðum. Um það fjallar síðari brtt. nefndarinnar á þskj. 434, og getur hún komið í stað brtt. Sverris Júlíussonar á þskj. 212.

Nefndin hefur einnig haft til meðferðar annað frv. um breytingu á iðnfræðslulögum. Er það á þá lund, að fjölga skuli fulltrúum iðnnema í iðnfræðsluráði úr einum í þrjá. Nefndinni var bent á, að eðlilegri ráðstöfun til að veita iðnnemum hlutdeild í stjórn skólanna, svo sem gert hefur verið í ýmsum öðrum skólum hér á landi, væri að fá þeim fulltrúa í skólanefndum. Telur nefndin þetta rétta leið til að taka upp skólalýðræði í iðnfræðslunni og flytur um það efni brtt. við frv., 1. till. á þskj. 434. Samkvæmt henni skulu þrír skólanefndarmenn skipaðir samkvæmt reglum, sem ráðherra setur eftir tillögum bæjarstjórna og sýslunefnda, er aðild eiga að iðnfræðsluskóla skólaumdæmis, einn vera kosinn af nemendum viðkomandi skóla og hinn fimmti skipaður af ráðherra án tilnefningar.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

Alþingi, 3. marz 1971.

Benedikt Gröndal,
form., frsm.

Bjartmar Guðmundsson,
fundaskr.

Eysteinn Jónsson.

Sigurvin Einarsson.

Gunnar Gíslason.
Birgir Kjara.

Magnús Kjartansson.

Fylgiskjal.**Nemendafjöldi í iðnskólum skólaárin 1968—69 og 1969—70.**

	1968—69	1969—70
Reykjavík:		
Iðnskólinn í Reykjavík	1289	1176
Matsveina- og veitingaþjónaskólinn	—	109
Vesturland:		
Iðnskólinn á Akranesi	116	88
— í Borgarnesi	33	36
Vestfirðir:		
Iðnskólinn á Patreksfirði	31	27
— á Ísafirði	64	63
Norðurlandsumdæmi vestra:		
Iðnskólinn á Sauðárkróki	71	71
— á Siglufirði	53	28
Norðurlandsumdæmi eystra:		
Iðnskólinn á Ólafsfirði*)	20	—
— á Akureyri	250	162
— á Húsavík	11	25
Austurland:		
Iðnskólinn á Seyðisfirði	19	15
— á Egilsstöðum*)	42	34
— í Neskaupstað	32	9
Suðurland:		
Iðnskólinn í Vestmannaeyjum	91	89
— á Selfossi	120	102
Reykjanes:		
Iðnskólinn í Keflavík	104	90
Hafnarfjörður:		
Iðnskólinn í Hafnarfirði	156	157
Samtals:	2502	2281